



## Reglur um afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í Dalabyggð

Dalabyggð

1. gr.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi, sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur skv. 3. gr.

2. gr.

Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Einstaklingar			Hjón / sambýlisfólk		
Tekjur	Kr.	Afsláttur	Tekjur	Kr.	Afsláttur
Allt að	2.102.000	100%	Allt að	3.468.300	100%
Allt að	2.312.200	75%	Allt að	3.815.130	75%
Allt að	2.522.400	50%	Allt að	4.161.960	50%
Allt að	2.732.600	25%	Allt að	4.508.790	25%

Þessar fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur) tveimur árum fyrir álagningu (t.d. 2011), sbr. skattframtal árið fyrir álagningu (t.d. 2012) og gilda fyrir lækkun fasteignaskatts á álagningarári (t.d. 2013). Fjárhæðirnar skulu framreiknaðar árlega með tilliti til breytinga á launavísitölu frá upphafi til loka þess tekjuárs sem miðað er við hverju sinni ákveði sveitarstjórn ekki annað.

3. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega á eftirlifandi maki rétt á afslætti samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á afslætti fer fram vélrænt í álagningarkerfi Landskrár fasteigna með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra.

5. gr.

Aðilar sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr. fá rétt til lækkunar fasteignaskatts frá og með því ári sem þeir ná 67 ára aldri.

Örorkulífeyrisþegar yngri en 67 ára, sem falla undir tekjuviðmið skv. 2.gr., skulu leggja fram gild örorkukort sem Tryggingarstofnun ríkisins gefur út sé þess óskað. Réttur til lækkunar fellur niður ef kortið rennur út.

6. gr.

Telji fasteignaeigendur sig eiga rétt á afslætti m.v. þessar reglur og hafi tekjur þeirra hafi lækkað milli viðmiðunarára skv. 2. gr (t.d. 2009 og 2010) geta þeir óskað eftir endurreikningi miðað við tekjur ársins fyrir álagningu (t.d. 2010) samkvæmt staðfestu skattframtali þegar það liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005.

Reglur þessar voru samþykktar af sveitarstjórn Dalabyggðar þann 13. desember 2012 og taka gildi 1. janúar 2013.

Sveinn Pálsson  
sveitarstjóri